



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 79. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILID 2022 – 2026

### 20. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2025, þann 4. desember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins í Félagsheimili Hrunamanna, efri hæð.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason, oddviti, setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

**1. Atvinnu-, ferða-, og menningarnefnd: Fundargerð 14. fundar frá 2. september 2025.**

Lögð fram fundargerð 14. fundar Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**2. Atvinnu-, ferða-, og menningarnefnd: Fundargerð 15. fundar frá 29. október 2025.**

Lögð fram fundargerð 15. fundar Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**3. Atvinnu-, ferða-, og menningarnefnd: Fundargerð 16. fundar frá 24. nóvember 2025.**

Lögð fram fundargerð 16. fundar Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**4. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 22. fundar frá 1. október 2025.**

Lögð fram fundargerð 22. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**5. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 24. fundar frá 18. nóvember 2025.**

Lögð fram fundargerð 24. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn fagnar því að endurskoðun forvarnarstefnu sveitarfélagsins skuli vera hafin og felur sveitarstjóra að fylgja málinu eftir.*

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

**6. Fundargerð 314. fundar skipulagsnefndar frá 21. nóvember 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. nóvember sl.**

Lögð fram fundargerð 314. fundar skipulagsnefndar frá 21. nóvember 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. nóvember sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

**Mál nr. 12. Holtabyggð 217: Holtabyggð 218; Breytt lóðarmörk, stækkun byggingarreita og aukið nýtingarhlutfall; Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Holtabyggðar 217 L199172 og Holtabyggðar 218 L194904 í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að lóðarmörk eru aðlöguð til að koma fyrir aðkomuvegi að lóð 217. Einnig verða byggingarreitir á lóðunum stækkaðir og nýtingarhlutfall hækkar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.*

**Mál nr. 13. Hrafnabjörg: Frístundasvæði; Deiliskipulag.**

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulag sem tekur til frístundasvæðis í landi Hrafnabjarga L194595 í Hrunamannahreppi. Í tillögunni felst að skilgreindar eru 34 nýjar lóðir og byggingarreitir innan þeirra þar sem heimilt er að byggja eitt frístundahús, aukahús og kalda geymslu. Deiliskipulag þetta er lagt fram samhliða breytingu á aðalskipulagi fyrir svæðið.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.


*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.*

**Mál nr. 14. Syðra-Langholt: Breyttir skilmálar efnistökusvæðis E31; Aðalskipulagsbreyting.**

Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 og deiliskipulagi. Í breytingunni felst stækkun á grjótnámu á Syðra-Langholti (efnistökusvæði E31) úr 0,9 ha í 1,3 ha þar sem leyfileg efnistaka verður 138.000 m<sup>3</sup> í stað 45.000 m<sup>3</sup>.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30.gr. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

  
DGS  
ARJ

Hér véku Alexandra Rós Jóhannesdóttir og Jón Bjarnason af fundi og Bjarney tók við stjórn fundarins.

**Mál nr. 15. Kotlaugar: Byggingarheimild; fjós mhl 16.**

Móttækin var umsókn þann 13.11.2025 um byggingarheimild fyrir 1.380 m<sup>2</sup> fjósi með áburðarkjallara byggt við núverandi fjós mhl 15 á jörðinni Kotlaugar (L166794) í Hrunamannahreppi.

Jón Bjarnason vísar af fundi undir þessum lið.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

*Sveitastjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.*

Alexandra og Jón mættu aftur til fundar og tók hann jafnframt við stjórn fundarins.

**Mál nr. 18. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. nóvember sl.**

*Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. nóvember sl.*

7. **Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 130. fundar stjórnar frá 28. október 2025.**  
Lögð fram fundargerð 130. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

8. **Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 131. fundar stjórnar frá 24. nóvember 2025.**

**-Ásamt gjaldskrá og fjárhagsáætlun UTU bs.**

Lögð fram fundargerð 131. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs. ásamt gjaldskrá og fjárhagsáætlun UTU bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar. Gjaldskrár ársins 2026 og fjárhagsáætlun UTU vegna ársins 2026 samþykktar samhljóða.*

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

9. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð aðalfundar frá 24. október 2025.**

Lögð fram fundargerð aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

10. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 339. fundar frá 13. nóvember 2025.**

Lögð fram fundargerð 339. fundar Sorpstöðvar Suðurlands.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

11. **Bergrisinn bs.: Fundargerð aðalfundar frá 9. október 2025**

**-Ásamt skýrslu stjórnar og fjárhagsáætlun til kynningar.**

Lögð fram fundargerð aðalfundar Bergrisans bs. ásamt skýrslu stjórnar og fjárhagsáætlun til kynningar.

*Handwritten signatures and initials:*  
DAS  
ARJ  
3

*Fundargerðin ásamt skýrslu stjórnar og fjárhagsáætlun til kynningar lögð fram til kynningar.*

**12. Bergrisinn bs.: Fundargerð 89. stjórnarfundar frá 3. nóvember 2025.**

**-Ásamt reglum Bergrisans um notendasamninga.**

Lögð fram fundargerð 89. stjórnarfundar Bergrisans bs. ásamt reglum Bergrisans um notendasamninga.

*Fundargerðin ásamt reglum Bergrisans um notendasamninga lögð fram til kynningar.*

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**13. Bréf frá Innviðaráðuneytinu frá 19. nóvember 2025.**

Lagt fram bréf frá innviðaráðuneytinu með skilgreiningu á opinberri grunnþjónustu ásamt leiðbeiningum fyrir stjórnvöld um mótun og framkvæmd stefna.

*Lagt fram til kynningar.*

**14. Bréf frá Innviðaráðuneytinu frá 27. nóvember 2025.**

Lagt fram bréf frá innviðaráðuneytinu þar sem þátttakendum í minningardegi um fórnarlömb umferðaslysa er þakkað. Í ár var sjónum sérstaklega beint að mikilvægi bílbeltanotkunar, enda hafa kannanir Samgöngustofu sýnt að dregið hefur úr notkun öryggisbelta meðal ungs fólks á síðustu misserum.

*Lagt fram til kynningar.*

**15. Bréf frá Vegagerðinni frá 24. nóvember 2025.**

Lagt fram bréf frá Vegagerðinni þar sem tilkynnt er um fyrirhugaða niðurfellingu Árbæjarveggar af vegaskrá frá og með næstu áramótum og mun viðhald og þjónusta vegarins ekki vera á ábyrgð Vegagerðarinnar frá þeim tíma.

*Lagt fram til kynningar.*

**16. Bréf frá Vegagerðinni frá 24. nóvember 2025.**

Lagt fram bréf frá Vegagerðinni þar sem tilkynnt er um fyrirhugaða niðurfellingu hluta Hvítárholtssvegar af vegaskrá frá og með næstu áramótum og mun viðhald og þjónusta vegarins ekki vera á ábyrgð Vegagerðarinnar frá þeim tíma.

*Lagt fram til kynningar.*

**17. Bréf frá Vegagerðinni frá 25. nóvember 2025.**

Lagt fram bréf frá Vegagerðinni þar sem tilkynnt er um fyrirhugaða niðurfellingu Birtingaholtssvegar af vegaskrá frá og með næstu áramótum og mun viðhald og þjónusta vegarins ekki vera á ábyrgð Vegagerðarinnar frá þeim tíma.

*Lagt fram til kynningar.*

**18. Bréf frá Körfuboltabúðum Uppsveita, ódagsett.**

Lagt fram bréf frá Körfuboltabúðum Uppsveita vegna körfuboltabúða sem fyrirhugað er að halda 9. – 11. júlí, þá í 16. skiptið. Þetta hafa undanfarin ár verið stærstu körfuboltabúðir landsins og eru einnig gríðarstór fjáröflun fyrir körfuboltastarfið á Flúðum og nágrenni enda hafa fjármunir sem koma úr búðunum stutt vel við starfið. Lögð er fram formleg beiðni til sveitarfélagsins um að fá að nýta íþróttahúsið á Flúðum þessa daga og að þjálfarar fái að komast endurgjaldslaus í tækjasalinn ásamt því að skráðir iðkendur í búðirnar hafi endurgjaldslausan aðgang að sundlauginni á Flúðum.

DCS  
ARJ  
4

Sveitarstjórn samþykkir að lána íþróttahúsið endurgjaldslaus til ÍBU vegna körfuboltaþúðanna. Einnig fái þjálfarar körfuboltaþúðanna gjaldfrjálsan aðgang í tækjasalinn á meðan á búðunum stendur. Ennfremur samþykkir sveitarstjórn að börn sem eru þátttakendur í búðunum fái gjaldfrjálsan aðgang að sundlauginni á sama tíma. Vonar sveitarstjórn að með þessu framlagi Hrunamannahrepps geti körfuknattleiksdeild ÍBU styrkt starfsemi sína enn meir í framtíðinni.

**19. Samþykkt fyrir Listasafn Árnesinga bs., til síðari umræðu.**

Lögð fram samþykkt fyrir Listasafn Árnesinga bs. til síðari umræðu.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða samþykkt fyrir Listasafn Árnesinga bs.*

**20. Samþykkt fyrir Byggðasafn Árnesinga bs., til síðari umræðu.**

Lögð fram samþykkt fyrir Byggðasafn Árnesinga bs. til síðari umræðu

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða samþykkt fyrir Byggðasafn Árnesinga bs.*

**21. Samþykkt fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga bs., til síðari umræðu.**

Lögð fram samþykkt fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga bs. til síðari umræðu.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða samþykkt fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga bs.*

**22. Næsti fundur sveitarstjórnar.**

*Samþykkt samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn 18. desember n.k.*

**Fiárhagsleg málefni:**

**23. Minnisblað frá Consello varðandi framlengingu á tryggingasamning.**

Lagt fram minnisblað frá Consello varðandi framlengingu á tryggingasamning.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að framlengja tryggingasamning við Vörð um 1 ár. Er slík framlenging í fullu samræmi við ákvæði útboðs sem fram fór árið 2022.*

**24. Gjaldskrá fyrir fráveitur, síðari umræða.**

Lögð fram gjaldskrá fyrir fráveitur, síðari umræðu.

*Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána samhljóða og felur sveitarstjóra að auglýsa hana í Stjórnartíðindum.*

**25. Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs, síðari umræða.**

Lögð fram gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs til síðari umræðu.

*Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána samhljóða og felur sveitarstjóra að auglýsa hana í Stjórnartíðindum.*

**26. Gjaldskrá fyrir vatnsveitu, síðari umræða.**

Lögð fram gjaldskrá fyrir vatnsveitu til síðari umræðu.

*Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána samhljóða og felur sveitarstjóra að auglýsa hana í Stjórnartíðindum.*

**27. Gjaldskrá Hrunaljóss, síðari umræða.**

Lögð fram gjaldskrá Hrunaljóss til síðari umræðu.

*Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána samhljóða og felur sveitarstjóra að auglýsa hana í Stjórnartíðindum.*

DOS  
ARJ  
BM  
B

## 28. Viðauki 4 við fjárhagsáætlun ársins 2025.

Lagður fram viðauki 4 við fjárhagsáætlun ársins 2025.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann samhljóða en með honum eru samstarfsverkefni sveitarfélaga á Suðurlandi sem hafa óveruleg áhrif á reikningsskil sveitarfélagsins tekin út úr fjárhagsáætlun 2025.

## 29. Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps A og B hluta, Hitaveitu Flúða og Hrunaljóss 2026 ásamt þriggja ára áætlun, síðari umræða. -Ásamt tillögu að fjárfestingum Hrunamannahrepps A og B hluta Hitaveitu og Hrunaljóss 2026-2029.

Lögð fram fjárhagsáætlun 2026 fyrir Hrunamannahrepp, Hitaveitu Flúða og Hrunaljóss ásamt þriggja ára áætlun, til síðari umræðu. Einnig er lögð fram tillaga að fjárfestingum Hrunamannahrepps A og B hluta, Hitaveitu og Hrunaljóss árin 2026-2029.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 og 3ja ára áætlun fyrir árin 2027, 2028 og 2029 var lögð fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 22. nóvember 2025 og er hér lögð fram til síðari umræðu þann 4. desember 2025.

Með áætluninni er lagður grunnur að fjárhagsramma sveitarfélagsins fyrir árið 2026 sem nefndum og stofnunum sveitarfélagsins er ætlað að vinna eftir. Auk þess er unnin 3ja ára áætlun fyrir árin 2027-2029 eins og sveitarfélögum er lögum samkvæmt ætlað að gera.

Í Hrunamannahreppi hefur lóðaúthlutun í þéttbýlinu á Flúðum gengið vonum framar og nú hefur verið úthlutað svo til öllum lóðum við þrjár götur í Byggð á Bríkum, Fannborgartanga, Loðmundartanga og Röðulstanga. Er þar um að ræða 79 íbúðir. Einnig eru hafnar framkvæmdir við fjölbreytta íbúðauppbyggingu við Birkihlíð samtals 28 íbúðir og nokkur fleiri íbúðarhús eru í byggingu á öðrum stöðum. Ljóst er því að ekkert lát er á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á svæðinu enda rúmlega 100 íbúðaeiningar á framkvæmda eða undirbúningsstigi í lok árs 2025.

Ánægjulegt er að sjá að íbúum heldur áfram að fjölga í sveitarfélaginu en nú eru þeir 982. Er það fjölgun um 27 á árinu en íbúar voru 955 þann 1. desember 2024. Þann 1. desember 2023 voru íbúar Hrunamannahrepps 898. Hafa því 87 nýir einstaklingar bæst í hóp Hrunamanna frá því í lok árs 2023. Er þetta fjölgun um 9,4% sem er vel yfir meðaltali mannfjöldaaukningar á landinu. Ekki er útlit fyrir annað en að þessi þróun muni halda áfram miðað við þann mikla fjölda íbúða sem hér eru í farvatninu og þann áhuga fjárfesta á svæðinu sem nú er staðreynd.

Með aukinni þjónustu og nýjum störfum ætti einnig að vera full ástæða til bjartsýni fyrir hönd Hrunamannahrepps á næstu misserum.

Helstu forsendur fjárhagsáætlunar 2026:

- Útsvarsprósenta óbreytt á milli ára eða 14,97%.
- Álagningarprósenta fasteignaskatts á A-flokk er lækkuð um 2,2% úr 0,45% í 0,44%. Er þetta þriðja árið í röð sem álagningarprósenta A- hlutans er lækkuð og hefur hún nú lækkað um 10% á tímabilinu.
- Almennar gjaldskrár sem og gjaldskrár veitufyrirtækja fyrir árið 2025 munu hækka um 4,3% að jafnaði sem er hækkun vísitölu neysluverðs síðastliðna 12 mánuði. Gjaldskrár vegna úrgangsmála hækka örliðið meira eða um 5% á milli ára vegna aukins kostnaðar við málaflokkinn.
- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta jákvæð um 153,8 m.kr.
- Rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 143 m.kr.
- Niðurstaða samstæðu A og B hluta án fjármagnsliða og afskrifta (EBIDTA) er jákvæð um 361 m.kr. eða 17,6% af tekjum sveitarfélagsins.
- Skuldir og skuldbindingar samtals (skuldahlutfall) nema 96,4% af tekjum.

ART  
DGS  
SMA  
BV

- Skuldahlutfall nettó verður 75,7% í árslok 2026 og skuldaviðmið skv. Reglugerð 02/2012 verður 72,8 % í lok árs 2026.
- Áætlað veltufé frá rekstri A- og B-hluta er áætlað 221,6 m.kr. sem er um 10,8% af heildartekjum.
- Áætlaðar fjárfestingar A og B hluta nettó nema 352,8 m.kr.

Það er eftirtektarvert að gjaldskrár í Hrunamannahreppi eru víða með því lægsta sem gerist. Sem dæmi má nefna að gjaldskrá hitaveitu er með því allra lægsta ef ekki sú lægsta á landinu. Gjöld fyrir leikskóla eru óvíða lægri og árskort í íþróttamannvirki eru á fáum stöðum ef nokkrum ódýrari en hér. Heimsendur matur til eldri borgara sömuleiðis og áfram mætti telja. Er ljóst að sveitarstjórn hefur í gegnum tíðina viljað gera vel við íbúa og búa þeim sífellt betri búsetuskilyrði.

Ýmis þjónusta hefur verið aukin við íbúa sveitarfélagsins að undanfögnu og má þar nefna að á árinu 2023 var börnum, frá fæðingu og að 18 ára aldri, búsettum í sveitarfélaginu veittur gjaldfrjáls aðgangur að sundlauginni, tækjasal (þau sem hafa aldur til) og íþróttahúsinu (opnir tímar). Á árinu 2025 var tekið upp nýtt fyrirkomulag í tækjasal sem tryggir rúma opnun. Einnig hefur opnunartími sundlaugar verði lengdur og er þar nú opið alla daga vikunnar auk þess sem þjónustan hefur verið bætt með infra rauðri gufu.

Á árinu 2023 var gerð breyting á innheimtu leikskólagjalda en nú fá öll börn gjaldfrjálsar 6 klukkustundir á dag í leikskóla. Fyrir sjöundu og áttundu klukkustundina er greitt afar hóflegt gjald.

Á árinu 2025 var tekin upp vistun í skólaseli/frístund á föstudögum og njóta nú fjölmörg börn bæði hádegisverðar og vistunar í öruggu umhverfi alla daga vikunnar sem ekki var áður. Hefur þessi breyting mælst mjög vel fyrir.


Á árinu 2024 var, í tengslum við gerð kjarasamninga, samið um gjaldfrjálsar skólamáltíðir barna í grunnskóla. Ríkið greiðir aftur á móti fast gjald pr. máltíð sem framlag til sveitarfélaga á meðan að samkomulag um slíkt er í gildi.

Helstu frávík frá fyrra ári hvað rekstur sveitarfélagsins varðar er að greiðslur frá Jöfnunarsjóði munu minnka umtalsvert eða úr 414 m.kr. í 376 m.kr eða um 9,4%. Er hér um að ræða áhrif af breytingum á reiknireglu Jöfnunarsjóðs sem sveitarstjórn Hrunamannahrepps mótmælti af krafti enda með öllu óeðlilegt að sveitarfélag með meðaltekjur langt undir nágrönnum sínum, og mörgum öðrum, skuli vera skert með þeim hætti sem samþykkt hefur verið.

Í fjárhagsáætlun ársins 2026 er gert ráð fyrir að nettó fjárfestingar í samstæðu A og B hluta verði 352,8 m.kr. Fjárfesting í A hluta muni nema 248,8 m.kr. nettó. Helstu fjárfestingar felast í kaupum á fimm félagslegum leiguíbúðum að Hrunamannavegi 3 en fengist hefur stofnframlag frá HMS til kaupanna. Endurbótum á leikskólahúsnæði og húsnæði Flúðaskóla. Gatnagerð við Iðjuslóð og lokafrágangi í Röðulstanga, göngustíg frá Byggð á Bríkum og mörgu fleiru. Fjárfestingar eru ítarlega kynntar í greinargerð sem birt verður á heimasíðu sveitarfélagsins fljótlega.

Gert er ráð fyrir að tekin ný langtímalán árið 2026 í A hluta nemi 104,6 m.kr. En samstæðu 184,7 m.kr. Skuldaviðmið verður 72,8 % í lok árs 2026.

Í Hrunamannahreppi er framtíðin björt. Með tilkomu heilsugæslu, apóteks, sjúkrapjálfa, björgunarmiðstöðvar ásamt nýjum fyrirtækjum sem eru að setjast hér að og öflugri uppbyggingu þeirra sem hér eru fyrir er byggt undir enn sterkari framtíð í sveitarfélaginu. Þannig liggur leiðin upp á við. Markið er sett hátt og vill sveitarfélagið halda áfram að búa íbúum og fyrirtækjum framúrskarandi aðstæður með það að markmiði að íbúum fjölgi, atvinnutækifærum einnig og að þannig skapist enn betri grunnur að rekstri sveitarfélagsins.


  
DGS
   
ART
   
BV

Fjárhagsáætlunin var unnin í góðri samvinnu sveitarstjórnar, forstöðumanna stofnana og nefndarmanna og ber að þakka þá jákvæðni og samstarfsvilja sem sýndur var við gerð fjárhagsáætlunarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun ársins 2026 og þriggja ára áætlun 2026-2029 með áorðnum breytingum.

**Mál til kynningar:**

**30. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 989. fundar stjórnar frá 14.11.2025.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:43.

Þóruney Vignúsdóttir

Haraldur Haukur

Dati Guir Samuelsson

Alexandra Rís Jóhannsdóttir

